



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
miðvikudaginn 25. júní 2014 kl. 16.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mættir: Vilberg Þráinsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Ágúst Már Gröndal. Einnig sátu fundinn Steinunn Rasmus f.h. kennara grunnskólasviðs, Hallfríður Valdimarsdóttir fyrir hönd foreldrafélags Reykhólaskóla og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Vilberg bauð fólk velkomið á fyrsta fund nýrrar nefndar á þessu kjörtímabili.

Dagskrá:

Áður en gengið var til dagskrár skipti nefndin með sér verkum. Tillaga um Vilberg Þráinsson sem formann nefndarinnar var samþykkt samhljóða, tillaga um Guðrúnu Guðmundsdóttur sem varaformann nefndarinnar var samþykkt samhljóða.

1. 1403025 – Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 31. mars 2014.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1406010 – Ráðning skólastjóra Reykhólaskóla.

Þann 23. maí 2014 auglýsti Reykhólahreppur á vefsíðu sinni stöðu skólastjóra Reykhólaskóla lausa til umsóknar, auglýsingin var einnig birt seinna í öðrum fjölmiðlum.

Settar voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á leikskóla- og/eða grunnskólastigi.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi.
- Metnaður, hugmyndaauði, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur var til 10. júní 2014. Sjö manns sóttu um stöðu skólastjóra:

- Anna Björg Ingaðóttir
- Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir
- Jóhanna Ösp Einarsdóttir
- Kristín Elfa Guðnadóttir
- Laufey Jónsdóttir
- Ólafur Hilmarsson
- Þorkell Ingimarsson

Fenginn var ráðgjafi frá Capacent til að hafa umsjón með úrvinnslu umsókna og samantekt upplýsinga um starf skólastjóra Reykhólaskóla.

Eftir að hafa farið yfir umsóknir með hliðsjón af ráðgjöf Capacent er ljóst að aðeins einn aðili uppfyllir allar þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda að mati nefndarinnar.

Mennta- og menningarmálanefnd leggur því til við sveitarstjórn að Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir verði ráðin skólastjóri Reykhólaskóla. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Rökstuðningur nefndarinnar:

Ásta Sjöfn hefur starfað við Reykhólaskóla í 15 ár sem kennari og staðgengill skólastjóra. Frá nóvember 2013 hefur hún starfað sem skólastjóri. Hún þekkir vel til innra starfs skólans, starfsfólks, nemenda og foreldrasamfélags. Ásta Sjöfn hefur lokið B.Ed. sem grunnskólakennari en áður hafði hún lokið námi í rekstrarfræði og hefur því þekkingu á stjórnun og rekstri. Ásta Sjöfn hefur átt gott samstarf með starfsfólki skólans, hún er vel liðin, þægileg í samstarfi og hefur náð góðri liðsheild í skólanum þann tíma sem hún hefur starfað sem skólastjóri. Ásta Sjöfn leggur áherslu á að auka flæði á milli leikskóla- og grunnskólastigs og jafnframt endurmenntun starfsfólks.

3. 1406011 – Sundkennsla í grunnskólum – vakin athygli á ýmsum atriðum til hagræðis.

Erindi til kynningar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 16. júní 2014.

Kynnt.

4. 1403030 – Hvítbók um umbætur í menntun.

Sent frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 18. júní 2014 til kynningar.

Kynnt.

5. 1406013 – Könnun á reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Sent frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu 8. apríl 2014.

Kynnt.

6. 1406014 – Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum 2013.

Sent frá mennta- og menningarmálaráðuneyti 28. maí 2014.

Lagt fram.

Önnur mál (ef einhver):

Fundargerð lesin, fundi slitið 18.

_____	_____
_____	_____
_____	_____